

Suðurlandsvegur á milli Reykjavíkur og Selfoss verði 2+1 vegur með vegriði á milli akstursstefna

Á fundi í Umferðarráði, þann 17. mars 2005, var einróma samþykkt að hvetja stjórnvöld til að breyta Suðurlandsvegi á milli Reykjavíkur og Selfoss í 2+1 veg með vegriði á milli akstursstefna. Í Svíþjóð og Noregi eru slík vegrið á öllum nýjum og endurgerðum vegum þar sem 3500 bílum eða fleiri er ekið um að meðaltali á dag yfir árið. Ársdagsumferð á Suðurlandsvegi við Sandskeið var 6246 bílar árið 2003. Þar sem nú eru að hefjast framkvæmdir við hluta af þessum vegi, þ.e. í Svínahrauni, telur Umferðarráð ekki forsvaranlegt vegna öryggis vegfarenda annað en að þar verði þessi háttur hafður á og lagður þar 2+1 vegur með vegriði, s.s. víraleiðara sem skilur að umferð úr gagnstæðum áttum. Umferðarráð leggur þunga áherslu á að ákvörðun um lagningu hins nýja vegar í Svínahrauni verði breytt á þann hátt að þar verði vegrið á milli akstursátta. Annað er algjörlega óviðunandi að mati ráðsins.

Greinargerð:

Allt frá því að undirbúningur hófst við gerð nýs vegar í Svínahrauni hafa talsmenn Umferðarráðs komið þeim sjónarmiðum á framfæri að þar beri að leggja svokallaðan 2+1 veg með vegriði á milli akstursstefna. Nýr vegur á þessum stað án vegriðs í miðju sé einfaldlega ekki forsvaranlegur og standist ekki nútímakröfur um umferðaröryggi. Undir þessi sjónarmið er tekið í nýlegri skýrslu Línuhönnunar fyrir Vegagerðina, sem unnin var af Haraldi Sigþórssyni og Bryndísi Friðriksdóttur. Þar segir m.a. að 2+1 lausn með víraleiðara hafi hærra fyrsta árs arðsemi en 2+1 lausn án víraleiðara og 2+2 lausn. Miðdeilir með víraleiðara í 2+1 lausn skipti töluverðu máli. Ef ekki er notaður víraleiðari er ekki komið í veg fyrir framanáárekstra, en í dag eru þeir með dýrustu umferðaróhöppum á Vesturlands- og Suðurlandsvegi og oft mjög alvarleg. Einnig segir í skýrslunni að búast megi við mun meiri aukningu umferðaröryggis við breytingu Suðurlandsvegur í 2+1 veg með víraleiðara, heldur en næst með breytingu Reykjanesbrautar í 2+2 veg. Haraldur segir í grein um sama efni í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar (5.tbl. 2005): „Látum ekki skammsýn stofnkostnaðarsjónarmið koma í veg fyrir aukið umferðaröryggi til framtíðar. „Næstum 2+1 vegur”, eins og fyrirhugað er að leggja á kafla á Hellisheiði er því ekki næstum því rétt lausn, heldur líklega einfaldlega röng lausn, að minnsta kosti í umferðaröryggislegu tilliti”.

Úr Skýrslu Línuhönnunar „Samanburður á 1+1, 2+1 og 2+2 vegum”, Vegagerðin janúar 2005.

Óhappaflokkar:	Suðurlandsvegur Án klifurreina					Suðurlandsvegur Með klifurreinum					Suðurlandsvegur Alls				
	1	2	3	4	Alls	1	2	3	4	Alls	1	2	3	4	Alls
1995 – 2001	256	78	18	4	356	126	23	8	3	160	382	101	26	7	516

Tafla 8. Samantekt á umferðaróhöppum á Suðurlandsvegi.

Flokkur 1: umferðaróhöpp án meiðsla, en með eignatjóni

flokkur 2: umferðarslys með litlum meiðslum

flokkur 3: umferðarslys með miklum meiðslum

flokkur 4: banaslys

